



## Dagleg einkunnagjöf í íslenskum skólum

Helgi Skúli Kjartansson


► Abstract    ► Um höfund    ► About the author    ► Heimildir

Greinin fylgir eftir rannsókn Lofts Guttormssonar (2007) á svonefndum „daglegum einkunnagjöfum“ í íslenskum barnaskólum, sérstaklega í Reykjavík, áratuginna kringum 1900. Samsvarandi einkunnagjöf í Lærða skólanum í Reykjavík, sem Loftur telur beina fyrirmynd barnaskólans í því efni, er athuguð með samanburði útgefinna heimilda við „vitnisburðarbók“ skólapilts 1885–1886. Lauslegur samanburður sýnir að framkvæmdin var svipuð í dönskum skólum og hinum íslensku, aðferðinni í báðum löndum beitt löngu eftir að hún var orðin hastarlega á skjön við viðtekna kennslufræði. Aðferðin fólst í að gefa nemanda talnaeinkunn fyrir frammistöðu sína í hverri kennslustund og hélst í hendur við „yfirheyrsluáðferð“ í kennslu, þ.e. að kennari setti fyrir og hlýddi yfir án þess að eyða tíma í útskýringar eða fræðslu. Eftir einkunnum var nemendum svo skipað í „skólaröð“ sem m.a. réð sætaskipan í skólastofunni. Í Lærða skólanum var þessi aðferð nokkuð umdeild en þó beitt – með ýmsum tilslökunum, misjöfnum eftir námsgreinum – uns hún var afnumin með breytingunni í menntaskóla 1904. Í barnaskólum fjaraði hún út um svipað leyti, svo treglega þó að 1908 sá nýskipaður fræðslumálastjóri ástæðu til að mæla skörulega gegn henni.

*Efnisorð:* Námsmat, símat, yfirheyrsluáðferð, lærði skóli, skólaröð

### Vitnisburðarbók úr Lærða skólanum

Fyrir skömmu kom upp í hendurnar á mér skólasöguleg heimild, prentað kver með eyðum til útfyllingar, gefið út í Reykjavík „á forlag Kristjáns Ó. Þorgrímssonar“ 1884 og ætlað til nota í Lærða skólanum. Það er fjórar arkir auk kápu, alls 36 blaðsíður. Í örkunum eru allar blaðsíður eins, 32 talsins, hver ætluð einni viku. *Mynd 1* sýnir slíka síðu óútfyllta.



**Mynd 1.** Óútfyllt blaðsíða úr vitnisburðarbók skólapilts í Lærða skólanum.

Efst er gert ráð fyrir ártali og dagsetningum. Síðan er einkunnatafla; átján línur fyrir námsgreinar skólans, sex dálkar fyrir virka daga vikunnar (mánudag til laugardags). Hér er sem sagt pláss fyrir rúmlega 100 einkunnir á viku! Auðvitað hefði aldrei komið til greina að nota töfluna alla, þó ekki væri fyrir annað en að hver námsgrein var ekki kennd alla daga vikunnar og ekki endilega öll skólaárin, en þarna er þó a.m.k. svigrúm til þess fyrir hvern kennara að skrá einkunnir í hvert einasta skipti sem hann kennir. Undir einkunnatöflunni er pláss fyrir „athugasemdir“. Þar fyrir neðan lína fyrir „mánaðareinkunn“ og skólaröð („Hann er ... af ...“), en það hvort tveggja hefur aðeins átt að nota einu sinni í mánuði. Og neðst „Mjer sýnt“ með pláss fyrir undirskrift forráðamanns.

Eintakið, sem ég er með, er útfyllt á forsíðu eins og *Mynd 2* sýnir.




**Mynd 2.** Forsíða vitnisburðarbókar Kjartans Helgasonar frá Birtingaholti 1885–1886.

Þetta er sem sagt „Vitnisburðarbók fyrir Kjartan Helgason“ frá Birtingaholti (síðar prest, lengst í Hruna í Árnessýslu) í „sjetta bekk“ – síðasta veturinn fyrir stúdentspróf – 1885–1886. Hann var þá, samkvæmt skólaskýrslu (*Skýrsla um hinn lærða skóla*, 1886, bls. 30), „umsjónarmaður við bænir og kirkjugöngu“. „Fjárhaldsmaður“ hans í Reykjavík er einn af kennurum skólans, Björn M. Ólsen síðar rektor.

Svo koma vikurnar. Sú fyrsta 5.–10. október, svo koll af kolli til 27. mars, alls 25 vikur, hver síða útfyllt með ártali og dagsetningum. Ekki hefur verið þörf fyrir síðustu sjö síðurnar. Samkvæmt því virðist hafa verið þriggja mánaða upplestrarfrí fyrir stúdentsprófin sem hófust ekki fyrr en 25. júní.

Af vikunum 25 eru sjö auðar fyrir utan dagsetningar. Jólafrí virðist býsna langt, því að fimm vikur eru auðar frá 21. desember til 23. janúar. Er þá stutt í tvær yfirstrikaðar síður í febrúar sem munu tákna miðsvetrarpróf með upplestrarfríi. Kennsluvikur hafa þá verið ellefu fyrir jól og ekki nema sjö eftir jól – kennslu lokið löngu fyrir páska. Ekki kemur fram hvort kennsla hafði fallið niður eða Kjartan verið forfallaður einstaka tíma og jafnvel daga.

Hinar átján skólavikur Kjartans eru allar útfylltar með einkunnum og allar með undirskrift Björns. „Mánaðareinkunn“ er aðeins færð á tveggja mánaða fresti, í byrjun desember, febrúar og apríl. Einungis á þeim sömu síðum er notað plássíð fyrir „athugasemdir“ og þá til þess að tilgreina í hvaða greinum Kjartan hafi fengið ágætiseinkunn. Neikvæðar athugasemdir koma ekki fyrir.



**Mynd 3.** Opna úr vitnisburðarbók Kjartans Helgasonar frá Birtingaholti 22. nóvember til 5. desember 1885.

*Mynd 3* sýnir opnu úr vitnisburðarbókinni; vikurnar 22. nóvember til 5. desember. Hér er strjálungur af einkunnum, fimm í hvorri viku. Einkunnaskalinn nær upp í 6, gefið í heilum og þriðjungum. Hér dreifast einkunnir frá  $4\frac{1}{3}$  upp í 6 sem er dæmigert fyrir allan veturinn (sléttir 4 koma fyrir einu sinni í bókinni). Mánaðareinkunnin er „dável plús“ og í skólaröðinni er Kjartan þriðji af átján.

## Takturinn í yfirheyrslum

Einkunnir Kjartans dreifast mjög óreglulega á daga, vikur og námsgreinar. Að meðaltali fær hann sex einkunnir á viku, oftast fimm til sjö, sjaldnar átta og niður í tvær. Þær geta verið í tveimur eða þremur námsgreinum sama daginn og einkunnalausir dagar í flestum vikum, ídulega tveir í röð og upp í fjóra. Forföll, annaðhvort Kjartans eða kennaranna, kynnu að skýra eitthvað af þessu einkunnaleysi, þó varla nema lítinn hluta þess.

Sérstakar línur eru í bókinni fyrir einkunnir í íslenskum, latneskum og dönskum „stíl“, sem mun vera samheiti fyrir ritgerðir og þýðingar. Önnur skrifleg verkefni er ekki getið um, og má ætla að flestar eða allar einkunnir í öðru en „stíl“ hafi Kjartan fengið fyrir frammistöðu sína þegar hann var „tekinn upp“ og yfirheyrður. Samkvæmt skólaskýrslu var í dönsku „einni stund á viku varið til stíla“, og er þar greinilega átt við verkefni í tíma. Í íslensku var gerður „einn stíll á viku“ án þess tekið sé fram hvort það var heimaritgerð, en líklegra er að piltar hafi unnið í tíma undir eftirliti, líkt og á skriflegu prófi. Sömu leiðis í latínu; um latneskan stíl segir ekkert í skólaskýrslu en sjö vikustundir hafa gefið ærið svigrúm fyrir þýðingar í tíma.

Fyrir latneskan stíl fær Kjartan einkunn tólf sinnum, vikulega fyrstu fimm vikurnar, síðan með óreglulegum hléum. Einkunnin er alltaf færð á laugardögum, en vera má að kennarinn, Jón Þorkelsson

rektor, hafi tekið sér einhverja daga til að fara yfir verkefni. Og felld niður stílagreiðna af og til, að jafnaði í þriðja hvert skipti.

Aðrar tólf einkunnir fær Kjartan í latínu, örugglega fyrir frammistöðu við yfirheyrslu. Þær dreifast á aðeins fjóra vikudaga; er því svo að sjá að tímarnir sjö hafi ekki fallið á alla kennsludaga vikunnar. Á átján vikum hefði Kjartan að forfallalausni átt að sækja 126 latínutíma, sem í raun má giska á að hafi verið 110 til 120, þar af farið einn eða tveir í hvern af stílunum tólf. Eru þá eftir um eða yfir 90. Ef Kjartan var tekinn upp tólf sinnum gerir það u.þ.b. eitt skipti af hverjum átta, líkt og í átján manna bekk hafi að jafnaði verið teknir upp tveir frekar en þrír í hverri kennslustund. Yfirheyrslur Jóns rektors hafa þá annaðhvort verið býsna rækilegar eða hann hefur gefið sér talsverðan tíma til annars konar kennslu meðfram.

Enn frekar á það við um íslenskukennslu Halldórs Kr. Friðrikssonar. Hann hefur ekki gefið Kjartani einkunn fyrir stíla nema sjö sinnum á átján vikum, sem þó áttu að vera „einn á viku“. Og aðrar einkunnir ekki nema fjórar yfir veturinn, þó íslenska væri kennd þrjár stundir á viku. Kjartan ætti að hafa sótt yfir 50 íslenskutíma, eða 40–50 umfram þá sem fóru í stílana, og verið tekinn upp í tíunda eða tólfta hvert skipti. Af því að dæma hefur Halldór að jafnaði aðeins tekið upp einn pilt eða tvo í hverjum tíma og þá haft verulegt svigrúm til annars konar kennslu. Allt annað snið hefur verið á þýskukennslu hins sama Halldórs. Þar voru vikustundir fimm, ekkert getið um stíla, en Kjartan fékk einkunn 16 sinnum, nánast vikulega. Eftir því ætti Halldór að hafa yfirheyrð þrjá til fjóra pilt í hverjum þýskutíma og þá varla gert mikið annað.

Dönsku stílarnir hafa ekki, fremur en þeir íslensku, verið vikulegir í raun, því fyrir þá fær Kjartan líka aðeins sjö einkunnir, þéttast fyrstu vikunnar. Og aðrar dönskueinkunnir samtals ekki nema þrisvar, einu sinni fyrir jól, tvisvar eftir. Dönskutímar voru þó ekki nema tveir á viku og yfirheyrslur því, að ætla má, heldur tíðari en í íslenskunni. Sömuleiðis í grísku – fimm vikustundir og níu einkunnir – og trúarbrögðum – kennd tvo tíma á viku og Kjartan fékk fjórum sinnum einkunn.

Tíðari yfirheyrslur hafa ekki aðeins verið í þýsku heldur líka í sagnfræði (hjá Páli Melsted), þar sem Kjartan kom upp níu sinnum, eðlisfræði, tíu sinnum, og frönsku, líka tíu sinnum. Hér voru vikustundir þrjár í hverju fagi og einkunnafjöldinn nálægt því að þrír piltar hefðu verið yfirheyrðir í hverjum tíma.

Athygli vekur að einkunnir Kjartans dreifast býsna ójafnt, jafnvel svo að í frönsku fær hann eina vikuna tvær einkunnir, öðru sinni sögueinkunn bæði á fimmtudegi og laugardegi, og tvívegis tvær þýskueinkunnir í sömu vikunni. Sýnilega hafa kennarar gætt þess að piltar gætu ekki reiknað út hvenær röðin kæmi að þeim næst.

Á öftustu síðum vitnisburðarbókarinnar (kápúsíðum) eru einkunnatölur fyrir „miðsvetrarpróf“ og „aðalpróf“. Hin síðari er óútfyllt hjá Kjartani, því að hann tók í þetta sinn stúdentspróf en ekki árspróf. Á miðsvetrarprófi fær hann hins vegar skráðar einkunnir í tíu greinum ásamt „aðaleinkunn dáv[el]+ 5,20“ og að hann sé „3. af 18“. Mánaðareinkunnirnar þrjár voru svipaðar, alltaf á bilinu „dável plús“, og skólaröðin alltaf „þriðji af 18“. Kjartan hefur þá setið í fremstu röð í skólafunni, annar maður frá dúxinum ósigrandi, Hannesi Þorsteinsyni (síðar Þjóðskjalaverði), og við hlið Jóhannesar Jóhannessonar (síðar bæjarfógeta – sem brátt varð mágur Kjartans).

## Skyndipróf og símat

Vitnisburðarbók Kjartans í Birtingaholti sýnir dæmi um námsmat af því tagi sem kennd var við „daglega einkunnagiöf“ (d. *daglig karaktergivning*). Með því er ekki átt við að nemandi fái einkunn á hverjum kennsludegi heldur að einkunn sé gefin í hverri námsgrein alla þá daga sem hún er kennd.

Þessi aðferð myndi á máli nútímans flokkast undir *símat*. Og það í þeirri öfgafengnu útfærslu að námsmatid leggur undir sig mestallt skólafarid. Hver einasta kennslustund verður það sem nú væri



nefnt *skyndipróf*, annaðhvort skriflegt fyrir allan bekkinn eða munnlegt fyrir svo marga nemendur sem kennarinn nær að „taka upp“ og hlýða yfir.

Hin prentaða vitnisburðarbók er skipulögð fyrir strangt kerfi „daglegra einkunna“ sem þó hefur verið nokkuð sveigjanlegt í framkvæmd. Mánaðareinkunnir eru aðeins reiknaðar á tveggja mánaða fresti, „vikulegir“ stílar ekki gerðir, eða a.m.k. ekki metnir, nema aðra hverja viku, og misjafnt eftir námsgreinum hvort kennarar leggja kapp á að yfirheyra piltar sem tíðast.

## Allt fram á 20. öld

Hvort þessi framkvæmd var svipuð allan starfstíma Lærða skólans (1846–1904) hef ég enga nákvæma yfirsýn yfir.

Að kennarar gæfu öllum bekknum einkunnir, líka þeim sem ekki vannst tími til að yfirheyra, kann að hafa þekkt á fyrstu áratugum skólans. Matthías Jochumsson (1946, bls. 22) lýsir hvernig öldungurinn Björn Gunnlaugsson hafi um 1860 gefið „hverjum pilti 6 og svo hverjum hinna, sem sögðust hafa vitað það sama eða vel það.“ Óljósari er vitnisburður Jóns Ólafssonar (1946, bls. 29) sem hefur eftir kennara á 7. áratugnum að gáfaður nemandi gæti „fengið 6 í hverjum tíma“.

Um 1880 var í nokkur ár prófað að sleppa daglegum einkunnum í tveimur efstu bekkjunum. Var þá látið nægja að hver kennari gæfi nemendum almennt orðaða umsögn á tveggja mánaða fresti (sjá t.d. Lærisevinnur hins lærða skóla, 1882). Þess getur Kristinn Daníelsson (1946, bls. 55–56), en röðun piltar eftir daglegum einkunnum hafði orðið honum til hvatningar á fyrsta skólaári hans og því telur hann (bls. 54) „að daglegir vitnisburðir og röðun hafi verið gagnleg.“

Þetta stóð þó ekki lengi (Finnur Jónsson, 1883, bls. 124). Síðan héldust daglegar einkunnir í öllum bekkjum meðan Lærði skólinn var við lýði – við litla hrifningu nemenda. „Skólapiltar vildu, að daglegar einkunnir yrðu þegar afnumdar, en það fékkst ekki“, segir Ásmundur Guðmundsson (1946, bls. 236) um andóf í skólanum haustið 1903.

Til samanburðar við vitnisburðarbók Kjartans Helgasonar hef ég sams konar bækur Geirs G. Zoëga úr 2. bekk 1898–1899 og 4. bekk 1900–1901. Þær sýna enga verulega kerfisbreytingu. Í staðinn fyrir vikulegt pláss fyrir „mánaðareinkunn“ eru komnir fjórir hálf síðu reitir fyrir „sætaskipun“, en með nákvæmlega sömu upplýsingum, þ.e. meðaleinkunn, skólaröð og upptalningu á ágætiseinkunnum. Fjórða röðunin er fyrir apríl og maí, mánuðina sem hjá Kjartani fóru í upplestrarfrí fyrir stúdentspróf. Hún er ekki gerð fyrr en kennsla var lokið og hefur því litlu ráðið um raunverulega sätaskipan, nema ef vera skyldi í prófstofum við skrifleg vorpróf.

Í bókum Geirs eru miklu meiri upplýsingar um frí og forföll en hjá Kjartani. Hér má t.d. sjá frí sumardaginn fyrsta og afmælisdag konungs, mánaðarfrí „frá kl. 10¾“ og „póstfrí frá 4 á mánud. til 4 á þriðjud.“, væntanlega til að piltar gætu svarað bréfum meðan landpóstar stöldruðu við í Reykjavík. Á tveggja mánaða fresti er frídagur merktur „raðað“ – þ.e. fyrir kennara að reikna út skólaröðina. Vel má vera að eitthvað af einkunnalausum dögum í vitnisburðarbók Kjartans séu líka frídagar.

Hjá Geir er jólafríið stutt, „frá kl. 11¼“ á Þorláksmessu 1898, en degi fyrr 1900 þegar Þorláksmessa féll á sunnudag. Kennsla hófst aftur 4. janúar 1899, en 3. janúar 1901, sem þó var stuttur skóladagur: „Aldamótafrí til 4 e.m.“. Miðsvetrarprófin, ásamt upplestrarfrí, röðunarfrí og mánaðarfrí taka hins vegar hátt á þriðju viku, páskafrí átta daga.

Þá er vandlega bókað hvenær Geir er veikur, en þess er aldrei getið í bók Kjartans.

Einkunnir eru ekki síður óreglulegar hjá Geir en Kjartani en að jafnaði ívið fleiri, mest sextán í sömu viku og tólf viku eftir viku, en líka niður í tvær í vikum þar sem hvorki getur forfalla né frídaga. Af einstökum námsgreinum vekur athygli grískan í 2. bekk. Í henni fær Geir tvær og þrjár einkunnir flestar vikurnar og upp í fjórar þegar mest er. Af tuttugu manna bekk hefur kennarinn greinilega

lagt kapp á að taka upp allmarga í hverri kennslustund. Þeirra kennsluhátta hefur trúlega gætt meira í neðri bekkjunum.

Loks voru daglegar einkunnir felldar niður þegar Lærði skólinn breyttist í Hinn almenna menntaskóla (síðar Menntaskólann í Reykjavík) 1904. Í staðinn komu kennaraeinkunnir, gefnar þrisvar á ári, og giltu til jafns við prófseinkunnir, nema við gagnfræðapróf (upp úr 3. bekk) og stúdentspróf. Var kennurum í sjálfsvald sett við hvað þeir studdust í þessari einkunnagjöf, gátu þess vegna haldið áfram að meta til talnaeinkunnar frammistöðu hvers nemanda sem þeir tóku upp. Um þetta er t.d. fjallað í *Þjóðviljanum* 1904 þar sem höfundur, vafalaust Skúli Thoroddsen, sér ekki eftir daglegu einkunnunum en telur „alveg óhafandi“ að veita kennurum svo „takmarkalaust vald yfir piltum“ sem gert sé með vægi kennaraeinkunnanna.

## Yfirheyrsluáferð og skólaráðir

Einn af rauðu þráðunum í skólasögu Vesturlanda á 19. og 20. öld er hvernig vaxandi alþýðufræðsla þurfti að hrista af sér venjur og viðhorf sem mótast höfðu í gömlu latínuskólunum. Þar var námið ætlað fáum útvöldum til að veita þeim allt aðra mótun en venjulegu fólki („menntun til aðgreiningar“ mætti kalla það), hefðir mikils metnar, bæði um viðfangsefni og vinnulag, og kennsluhættir til þess fallnir að „gera kröfur“ fremur en að koma til móts við aðstæður og áhuga hvers og eins.

Hluti af þessari íþyngjandi arfleifð var *yfirheyrsluáferðin*. Kennslustundin er þá notuð til að *taka* nemendur *upp* og *hlýða* þeim *yfir*, síðan *sett* fyrir það sem hlýtt verði yfir í næsta tíma. Þetta kennslulag var hefðbundið í latínuskólunum (þess vegna starfsheitið „heyrari“ sem notað var um aðstoðarkennara í Skálholts- og Hólaskóla) og átti eftir að verða lífseigt, einnig á lægri skólastigum. Ég kynntist því t.d. vel, ekki síður í barnaskóla (frá 1956) en á gagnfræðastigi og í menntaskóla (til 1968).

Önnur arfleifð gömlu skólahefðarinnar var *skólaröðin*, þ.e. að skipa piltum í tiltekna virðingarröð sem m.a. réð sätaskipun í skólastofunni. Slík röðun var sjálfsögð í gömlu stólskólunum, og alla 19. öld tíðkaðist að birta nafnalista skólapilta sem „skólaráðir“ en ekki t.d. í stafrófsröð. Í blöðunum má af og til sjá slík yfirlit um nemendur Lærða skólans, framan af helst eins og þeim var raðað eftir mánaðareinkunnum í lok nóvember, síðan eftir miðsvetrarpróf. Í lauslegri leit á timarit.is fann ég hvergi að miðað væri við röðun í lok október, því líkast sem „mánaðareinkunnir“ hafi alla tíð verið reiknaðar á tveggja mánaða fresti. Svo seint sem í mars 1906 birtir *Þjóðólfur* „skólaröð í hinum almenna mentaskóla við miðsvetrarpróf“ (Skólaröð í hinum almenna mentaskóla, 1906). Sú skýring fylgir að í 1. og 2. bekk hafi blaðið sjálft þurft að raða nemendum (sem þar eru ekki einungis piltar heldur ein stúlka í hvorum bekk) eftir einkunnum því að í skólanum „er nemendum alls ekki raðað öðruvísi en eftir stafrófsröð“ í þessum bekkjum (sem á við röðun þeirra í skrá og skýrslum, en væntanlega var hætt að raða til sætis í skólastofu). Hér nær breytingin sem sagt til þeirra sem hefja nám eftir nýrri reglugerð; áferð Lærða skólans fær að fjara út með síðustu nemendum hans. Væntanlega átti það einnig við um vitnisburðarbækurnar og þeirra daglegu einkunnir.

Af og til birtu blöðin líka „skólaráðir“ annarra skóla, t.d. Möðruvallaskóla og Kvennaskólans í Reykjavík, jafnvel barnaskólans á Akureyri. Ef skýringar fylgja er raðað eftir prófseinkunnum; vorprófum við barnaskólann, inntökuprófum í Kvennaskólann. Svo t.d. í *Ísafold* haustið 1891 (Námsmeyjar í Reykjavík-kvennaskóla, 1891). Þar er þó tekið fram að stúlkur „sem komu eftir að skóli var settur“ séu „settar neðstar“. Sama venja mun hafa gilt um sätaskipan í gömlu skólunum: Piltur, sem kom í skóla eftir fyrstu röðun, sat neðstur þar til næst var raðað.

Nemendaskrá í stafrófsröð hef ég ekki rekist á fyrir en frá Stýrimannaskólanum í Reykjavík 1896 (Stýrimannaskólinn, 1896). Þar virðist ekki gilda nein virðingarröð nemenda, hvernig sem sätaskipan hefur þá verið háttáð.

Vel er hægt að kenna með yfirheyrsluáferð án þess að daglegar einkunnir fylgi, og skólaröð eftir frammistöðu krefst ekki heldur daglegra einkunna; þar duga regluleg próf. En þegar hitt var hvort

eð er sjálfsagt, að kenna með yfirheyrslum og að raða eftir frammistöðu, þá var nærtækt að raða eftir metinni frammistöðu við yfirheyrslur, sem sagt eftir daglegum einkunnum. Þær urðu, eins og Gunnar M. Magnúss (1939, bls. 227) orðar það „alda sem fór um erlenda skóla“ og „flæddi einnig yfir íslensku skólana“ auk þess sem hún „náði inn á önnur svið“ þar sem var „mat prestsins við röðun í kirkju á fermingardegi“.

Og því ekki? Sætaskipun í kirkju hafði löngum farið eftir mannvirðingum; gildustu bændur átt sæti í kór og svo koll af kolli fram eftir kirkjunni. Þá sagði sig sjálf að ekki væri fermingarbörnum raðað af handahófi fyrir altarinu. Nú höfðu þau gengið til „spurninga“ hjá prestinum, hann sem sagt *hlýtt þeim yfir barnalærdóminn*. Og var þá ekki sanngjarnt, eftir jafnréttishugmyndum og einstaklingshyggju nýrrar aldar, að raða ungmennunum eftir þeirra eigin frammistöðu frekar en „ætt og uppruna“?

Skólaröðun eftir formlega metinni frammistöðu var framfaramál af sama tagi. Því óformlegra sem námsmatið var, því óhjákvæmilegra var að það mótaðist af mannvirðingum foreldranna. Að raða bóndasyninum ofar en syni prófests eða sýslumanns, það gat kennarinn því fremur leyft sér sem hann hafði við meira að styðjast af „hörðum gögnum“. Auðvitað væru þó hinar daglegu einkunnir engin hlutlæg og ópersónuleg mæling, ekki fremur en annað mat sem kennari leggur sjálfur á frammistöðu nemenda sinna.

## Og jafnvel í barnaskólum

Það var ekki aðeins í Lærða skólanum sem daglegar einkunnir tíðkuðust á seinni hluta 19. aldar heldur einnig í íslenskum barnaskólum. Hefur Loftur Guttormsson (2007) eftirminnilega lýst þess háttar tilhögun, sérstaklega í Barnaskóla Reykjavíkur frá 1862 og fram um aldamót. Notar Loftur þar dagbækur skólans sem sýna mjög nákvæmlega hvernig háttað var skráningu einkunna.

Frá upphafi tíðkaðist að kennari gæfi börnunum einkunn fyrir frammistöðu í hverri einstakri kennslustund, og var sú aðferð bundin í reglugerð skólans frá 1866. Í skrift og reikningi, þar sem allur bekkurinn vinnur að sínum verkefnum, fær hver nemandi einkunn, sömuleiðis í lestri. En í greinum þar sem kennt er með yfirheyrsluáðferð fá þeir einir einkunn sem kennari nær að „taka upp“ í tímanum. Var það framan af meirihluti nemenda, jafnvel þó bekkjarstærð væri um og yfir 30. Er því ljóst að kennarar hafa lagt kapp á að hlýða sem flestum nemendum yfir hverju sinni og gefið nákvæma einkunn fyrir yfirheyrslu sem stóð aðeins örfáar mínútur. Hefur þá reynt á að barnið gæti þulið utanbókar sinn skammt af lexíu dagsins, fremur en að það væri svo mjög samræðuhæft um inntak lexíunnar.

Rétt eins og í Lærða skólanum var þessi einkunnaflaumur færður í „vitnisburðarbók“ sem börnin áttu að sýna foreldrum sínum um hverja helgi. Mánaðarlega var reiknuð heildareinkunn og eftir henni raðað til sætis í bekknum, þau hæstu fremst (eða „efst“ eins og það hét), þau lægstu aftast. Var ætlast til að þetta hleypti börnunum kappi í kinn svo að þau legðu sig fram um að verja sæti sitt í bekknum eða helst „vinna sig upp“ í enn virðulegri sess.

Svona var ekki aðeins farið að í Reykjavík. „*Daglegar einkunnir* eru gefnar í langflestum skólanna“ segir Guðmundur Finnbogason (1905, bls. 51) um athugun sína á kennslu í föstum barnaskólum landsins veturinn 1903–1904, síðasta starfsár Lærða skólans.

## Dependerað af dönskum

Íslenska skólakerfið var að sjálfsgöngu mótað með hliðsjón af því danska. Það kemur því ekki á óvart að í Danmörku hafði dagleg einkunnagjöf tíðkast bæði á barna- og framhaldsskólastigi. Íslenskir barnaskólar gátu því sótt sína fyrirmynd til sama skólastigs í Danmörku, ekki síður en til Lærða skólans.

Noregur var hér á sama báti og Ísland. Þrátt fyrir aðskilnað hans frá danska ríkinu 1814 var skólakerfið og skólahefðin af dönskum rótum runnin. Því er athyglisvert að sjá frásögn norsks skólamanns sem 1888 hafði heimsótt framhaldsskóla, bæði í Kaupmannahöfn og Berlín, til að kynna sér kennsluhætti í raungreinum, einkum stærðfræði. Í Kaupmannahöfn lýsir hann mest námsefninu, en þegar til Berlínar kom er það sjálf kennslan sem kemur gestinum ánægjulega á óvart (Hamilton, 1890, bls. 90):

Hinar sálarþrepandi yfirheyrslur, þar sem daglegar einkunnir eru vegnar og mældar og sem hjá okkur taka iðulega megnið af kennslustundinni og eiga drýgstan þátt í að gera kennsluna þurra og sundurbútaða, þær voru prússnesku skólarnir lausir við.

Fyrir þetta hafði hann ekki séð ástæðu til að hrósa dönsku skólunum, sem hafa þá verið undir sömu sök seldir og þeir norsku. Að yfirheyrslur vegna daglegra einkunna taki „iðulega megnið af kennslustundinni“, það lýsir kennsluháttum sem voru a.m.k. ekki skárri en í Lærða skólanum í Reykjavík.

Danskir gagnfræðaskólar, „mellem- og realskoler“, höfðu líka notað daglega einkunnagjöf. Eftir 1890 var hún orðin í tilfinnanlegu ósamræmi við kennsluhættina þar sem kennarar vildu tala til bekkjarins frekar en yfirheyrsla nemendur einn og einn. Þá voru það foreldrar sem vildu halda í gamla lagið. Allt fram til 1916 var enn algengast að nota daglegar einkunnir og vikulegan vitnisburð til foreldra. Færri skólar gáfu mánaðarlegan vitnisburð, hvað þá ársfjórðungslegan (Haue, 2010, bls. 346). Það var svo 1920 sem bannað var að gefa einkunn fyrir frammistöðu þegar nemendur voru teknir upp; aðeins mætti gefa einkunnir fyrir skrifleg verkefni (Haue, 2010, bls. 347).

Í dönskum barnaskólum tíðkuðust líka daglegar einkunnir, misjafnt þó hve fast þeim var fylgt fram, enda hafði sjálft kirkju- og kennslumálaráðuneytið svo snemma sem 1882 hvatt til hófsemi í þeim efnum. Dagleg einkunnagjöf var þó a.m.k. sjálfsögð í einkareknum „forberedelsesskoler“, þ.e. skólum sem einkum áttu að búa nemendur undir nám í lærðum skólum (Gjerløff og Jacobsen, 2014, einkum bls. 62). Er því líkast sem íslensku barnaskólarnir hafi helst samið sig að háttum þeirra. Minna fer fyrir áhrifum frá menntahugsjón lýðskólahreyfingarinnar, sem brást við öfgum latínuskólahefðarinnar með því að hafna helst öllum prófum, einkunnum og yfirheyrslum. Hugmyndir hennar höfðu vissulega sín áhrif á Íslandi (Jón Torfi Jónasson, 1999), en þau birtast fyrst á framhaldsskólástiginu og í óformlegri fræðslustarfsemi, ekki í hinum hefðbundnu barnaskólum.

## Barnaskólar síðasta vígið

Lítum nánar á fyrrnefndan vitnisburð Guðmundar Finnbogasonar (1905, bls. 51) um barnaskólana 1903–1904:

*Daglegar einkunnir* eru gefnar í langflestum skólanna, en mörgum kennurunum er illa við þær. Aftur á móti halda margir foreldrar fast við þær, mest fyrir metnaðar sakir. Ættu þær að minni hyggu að hverfa sem fyrst úr öllum skólum, því þær eru einn hyrningarsteinninn undir þululærdóminum. Á stöku stað hafa daglegar einkunnir verið lagðar niður, og er þá gefin ein einkunn í hverri grein á viku hverri eða mánuði og börnunum raðað eftir því.

Þetta átti við um föstu skólana eina, sem búið var að stofna á helstu þéttbýlisstöðum. Þeir voru reyndar ekki dæmigerðir fyrir íslenska barnafræðslu. Meira kvað að farskólum sveitanna, og ekki síður eftir að fræðsluskylda var leidd í lög 1907; henni var víðast hvar mætt með farskólalaldi. Námsmat farskólanna, fyrir utan hin lögboðnu próf, hefur naumast verið með sama sniði og í föstu skólunum. Um það eru heimildir annars ekki auðfundnar, a.m.k. ekki í þeim formlegu gögnum sem fræðsluskýrslur byggjast á.

Guðmundur er hiklaust andvígur daglegum einkunnum, eins og hann segir að margir kennarar séu líka. Enda hlutu sæmilega upplýstir skólamenn, þegar hér var komið sögu, að aðhyllast aðrar kennsluáferðir en einhliða yfirheyrslur, áferðir sem ekki var auðvelt að samrýma sífelldri



einkunnagjöf. Það eru hins vegar foreldrarnir – rétt eins og í dönsku gagnfræðaskólunum – sem að sögn Guðmundar halda í gamla einkunnakerfið. Ekki allir foreldrar, en „margir“, og þá „fyrir metnaðar sakir“. Má ætla að þar eigi ekki síst í hlut þeir foreldrar sem nokkuð áttu undir sér, fólk sem gjarna vildi sjá börn sín skara fram úr í námi og ætlaðist til skólinn léti það ganga eftir.

Þær vikulegu eða mánaðarlegu einkunnir, sem „á stöku stað“ er farið að nota í stað hinna daglegu, hljóta að vera kennaraeinkunnir, líkar þeim sem brátt voru teknar upp í Menntaskólanum. Sá er þó munur á að í Menntaskólanum var jafnframt horfið frá röðun nemenda eftir einkunnum, en í barnaskólunum er, að sögn Guðmundar, „börnunum raðað eftir“ þessum kennaraeinkunnum. Ef það er metnaður foreldra sem ræður, þá er röðunin aðalatriði, fremur hægt að sætta sig við breytingar á einkunnagjöfinni.

Nú var raunar kominn sá tími að jafnvel metnaðarfyllstu foreldrar urðu að sætta sig við býsna hratt undanhald hins hefðbundna símats í íslenskum barnaskólum. Þá sögu hefur Loftur Guttormsson rakið, í grein sinni sem fyrr er nefnd, fram til setningar hinna nýju fræðslulaga 1907. Er vafalaust rétt, eins og hann bendir á, að þar hafi Menntaskólinn verið áhrifamikil fyrirmynd.

Jafnvel þótt dagleg einkunnagjöf í barnaskólum styddist ekki lengur við fyrirmynd Lærða skólans, og hversu hastarlega hún braut í bága við viðtekna kennslufræði, þá virðist hún engu að síður hafa átt sína málsvara, og það fram yfir lagabreytinguna 1907.

Um það hef ég að vísu ekki nema óbeina heimild; forsíðugrein í gamla *Skólablaðinu*, málgagni Hins íslenska kennarafélags, 15. september 1908. Fyrirsögn: „Daglegar einkunnir“. Höfundur er ekki nafngreindur, en vafalaust er hann enginn annar en ritstjórinn, Jón Þórarinsson fræðslumálastjóri.

Jón segir fyrst að þennan „skólasið“ þekki „þeir sem gengið hafa í skóla fyrir nokkrum áratugum – og jafnvel fyrir skemmri tíma“. Hann tilgreinir hér ekki einn skóla öðrum fremur og lýsing hans á aðferðinni er öll miðuð við barnaskóla. Bersýnilega hafði hún verið alsíða í þeim fáu barnaskólum sem til voru á Íslandi „nokkrum áratugum“ fyrir 1908. Og í sumum barnaskólum hlýtur hún að tókast enn; það eru þeir sem fræðslumálastjóri vill telja hughvarf með greininni.

Jón lýsir yfirheyrsluáferðinni þannig að börn séu „tekin upp“ til að athuga hvort þau hafi „lært (utanbókar) það sem þeim hafði verið sett fyrir“. Kennarinn hafi þá „lítið að gera annað en það að hlusta á þuluna hjá barninu – og gefa vitnisburð, einkunn, fyrir frammistöðuna“. Þetta sé fært í sérstaka bók hjá hverju barni. Það á svo „um hverja helgi að sýna vandamönnum sínum vitnisburðarbókina og þeir að skrifa nafn sitt í hana til sannindamerkis um að þeir hafi séð bókina“. Það sem börnin taki eftir og hafi áhuga á sé þó ekki svo mjög einkunnirnar sjálfar heldur „röðunin“. Eftir meðaltali allra daglegra einkunna er börnunum raðað um hver mánaðamót“ og sé þeim keppikefli að lenda „ofarlega í röðinni“.

Kennarinn á að „gefa vitnisburð daglega og í hverri kennslustund“. En í 50 mínútna kennslustund nær hann ekki, að mati Jóns, að yfirheyra meira en sex eða sjö börn, af jafnvel 30 (hann reiknar með aldursblöndun og fjölmönnum bekkjum). Hvert barn veit nokkurn veginn hvenær röðin kemur að því næst og getur hagað heimanámi eftir því. Þannig getur það tryggt sér glæsilegan vitnisburð sem „dregur [...] foreldra og vandamenn á talar, og gefur börnunum sjálfum einnig rangar hugmyndir um sig“.

Þarna hefur eitthvað breyst frá því sem Loftur Guttormsson sá í gögnum frá 19. öld. Þá höfðu nemendur verið teknir upp eins og á færibaldi, örfáar mínútur hver. Nú gengur það hægar. Enda „er skólakennsla nokkuð orðin á annan veg“ en þá. Kennarinn setur enn fyrir, „en vinna hans er nú aðallega fólgin í því að kenna, ekki hlýða yfir“.

Yfirheyrsluáferðin er, að áliti Jóns, „ekki *kennsla* heldur eins konar próf“, alveg andstæð hinum rétta tilgangi heimanáms þar sem börnum er sett fyrir efni „sem þau eiga að [...] kynna sér svo vel að þau geti fest það betur í minni sem kennarinn hefir að segja um sama efni í kennslustundunum næsta dag“. En þegar „aðalvinna kennarans er fólgin í því að *kenna*, tala við börnin og fræða þau“ fremur

en „*hlyða þeim yfir* eða prófa“, „hvernig getur þá verið vit í að gefa einkunnir í þeim kennslustundum þar sem um ekkert slíkt er að ræða?“

Jón beinir sem sagt máli sínu til barnaskóla þar sem kennsluaðferðin hefur breyst en krafa gerð engu að síður um sífellda einkunnagjöf, vitnisburðarbók um hverja helgi og mánaðarlega röðun eftir frammistöðu. Í það fer „talsverður tími“ sem „flestir kennarar“ finna að væri „til annars betur varið“. Þeir halda þá yfirheyrslunum í lágmarki til að geta kennt sem mest í alvöru. Ef barnið hefur sinnu á að læra fyrir þau fáu skipti þegar það er tekið upp verður bókin „full af glæsilegum einkunnum“, vitnisburðinum sem Jón segir að blekki foreldra og skekki sjálfmynd barnanna.

Árið 1908 er dagleg einkunnagjöf sem sagt nógu mikið vandamál í íslenskum barnaskólum til þess að nýskipaður fræðslumálastjóri sjái ástæðu til að andæfa henni af fullum þunga. Hann var þá líka að undirbúa reglur um próf í barnaskólunum sem gefnar voru út síðar á árinu. Þar er skólunum í sjálfsvald sett hvort þeir beita formlegu símati, en þá gert ráð fyrir aðeins einni tilhögun þess: „Ef mánaðareinkunnir hafa verið gefnar“ eiga þær að gilda að hálfu á móti einkunn á vorprófi (*Reglur um barnapróf*, 1910, bls. 32).

## Sögulok?

Þannig má segja að sögu daglegrar einkunnagjafar í íslensku skólakerfi ljúki skólaárið 1908–1909, með nýnefndri reglugerð barnaskólanna og með útskrift síðasta árgangsins sem hóf nám í Lærða skólanum fyrir 1904. Í öðrum skólum hefur hún væntanlega verið úr sögunni þá þegar. Að því leyti sem „símat“ var viðhaft áfram færðist það í form kennaraeinkunna sem gefnar voru í mesta lagi mánaðarlega.

Þá var undir kennaranum komið á hverju hann byggði þær einkunnir. Hjá sumum hefur daglega einkunnagjöfin væntanlega aðeins færst „undir yfirborðið“. Þeir hafa haldið áfram að nota kennslustundirnar að mestu til að „taka upp“ nemendur, svo marga sem þeir komust yfir, skráð frammistöðu þeirra í tölum og reiknað einkunnir út frá því. Kennslustundin var þá í raun „munlegt skyndipróf“ rétt eins og verið hafði. Hve hægt og seint sú aðferð fjarði út í raun, sérstaklega í framhaldsskólunum, það er önnur saga sem ekki verður reynt að rekja hér.

### **Teach or Check? Daily Assessment in Icelandic Schools in Late 19th/Early 20th Century**

The immediate object of the present study is a document: the log book of a student at the Reykjavík Latin School (Lærði skólinn) 1885–1886. The booklet, containing *inter alia* numerical grades for the student's performance every single time he was selected for individual questioning by a teacher, shows in detail the application of traditional “daily assessment” which tended to restrict the role of the teacher to evaluation rather than instruction. A part of the system was the ordering of students by performance, revised every month or two, visibly reflected in the seating arrangement in the classroom.

This style of daily assessment at the Latin School was controversial and subject to some variation, yet basically unaltered until abolished in 1904 as part of a radical overhaul of the school, thenceforth known as the Reykjavík Grammar School.

Said log book shows a somewhat flexible application of the system of daily assessment. A “monthly” summary is calculated only three times over the school year; “weekly” written compositions (or translations) are assessed about every other week; and the frequency of questioning varies between subjects, indicating that some classes – particularly in Icelandic language and literature – were devoted to instruction rather than evaluation.

The ordering of students by performance, reflected in the classroom seating arrangement, was common in other schools, both elementary and secondary, based either on daily assessment or periodical examinations. Alphabetical student registers are rarely seen until introduced in the Grammar School as of 1904. Even the Lutheran state church in its rite of confirmation reflected the practice of the schools, with the confirmands receiving their first communion in the pecking order established by their mastery of the catechism.

While rural Iceland retained a system of traditional home schooling, increasingly assisted by itinerant teachers, permanent elementary schools were established in the towns and larger villages. These mainly adopted a system of daily assessment, closely reflecting the practice of the Latin School. While teachers increasingly preferred class discussion to individual questioning, and thus found daily assessment at odds with their teaching style, conservative parents opposed its abolition. Not until 1908 did a newly established Education Authority take steps to replace it in a similar way as had been done in the grammar School in 1904.

Iceland was a Danish dependency, with Denmark as its “window on the world” and Danish practices as its natural models. It therefore comes as no surprise that the practice of daily assessment was much the same in Danish schools as in Icelandic ones, with the same protracted struggle to have it abolished.

### Um höfund

Helgi Skúli Kjartansson (helgisk@hi.is) er sagnfræðingur, fyrrverandi prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands (áður Kennaraháskóla Íslands). Hann hefur í kennslu og rannsóknum m.a. fjallað um íslenska skólasögu, einkum á 20. öld. Helgi er afkomandi sr. Kjartans Helgasonar frá Birtingaholti.

### About the author

Helgi Skúli Kjartansson (helgisk@hi.is) is an Icelandic historian, professor emeritus at the University of Iceland (School of Education). He has published widely on the history of Icelandic education, mainly contemporary history.

## Heimildir

- Ásmundur Guðmundsson. (1946). *Ærslaveturinn í 2. bekk*. Í Ármann Kristinsson og Friðrik Sigurbjörnsson (ritstjórar), *Minningar úr menntaskóla* (bls. 236–242). Reykjavík: Ármann Kristinsson.
- Finnur Jónsson. (1883). Um hinn lærða skóla á Íslandi. *Andvari*, 9, bls. 97–135.
- Gjerløff, A. K. og Jacobsen, A. F. (2014). *Da skolen blev sat i system. 1850–1920. Dansk skolehistorie* (III. bindi). Aarhus: Aarhus Universitetsforlag.
- Guðmundur Finnbogason. (1905). *Skýrsla um fræðslu barna og unglunga veturinn 1903–1904*. Reykjavík: [án útgefanda].
- Gunnar M. Magnúss. (1939). *Saga alþýðufræðslunnar á Íslandi*. Reykjavík: Samband íslenskra barnakennara.
- Hamilton, Wm. (1890). Indberetning fra adjunkt Wm. Hamilton om en i 1888 foretagen reise til Kjøbenhavn og Berlin for að studere realfagenes metodik, særlig den forberedende matematikundervisning (seinni hluti). Universitets- og skole-annaler. *Ny række*, 5(6–8), 81–118.
- Haue, H. (2010). Almendannelse og nyttige kundskaber. Skoler, eksaminer, censur og karaktergivning 1787–1923. Í Christian Larsen (ritstjóri), *Realskolen gennem 200 år, I – Kundskaber og erhvervsforberedelse* (bls. 323–350). Kaupmannahöfn: Danmarks Privatskoleforening.

- Jón Torfi Jónasson. (1999). Lýðskólar á Íslandi í byrjun 20. aldar. Í Helgi Skúli Kjartansson o.fl. (ritstjórar), *Steinar í vörðu til heiðurs Þuríði J. Kristjánsdóttur sjötugri* (bls. 107–134). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Jón Ólafsson. (1946). Skólalíf í Reykjavík um og eftir 1863. Í Ármann Kristinsson og Friðrik Sigurbjörnsson (ritstjórar), *Minningar úr menntaskóla* (bls. 27–43). Reykjavík: Ármann Kristinsson.
- [Jón Þórarinnsson]. (1908, 15. september). Daglegar einkunnir. *Skólablaðið*, 2(17), bls. 65–66.
- Kristinn Daníelsson. (1946). Hinn almenni menntaskóli. Lærði skólinn – Latínuskólinn. Nokkrar minningar. Í Ármann Kristinsson og Friðrik Sigurbjörnsson (ritstjórar), *Minningar úr menntaskóla* (bls. 51–63). Reykjavík: Ármann Kristinsson.
- Loftur Guttormsson. (2007). Daglegar einkunnagjafir. Í Benedikt Eypórsson og Hrafnkell Lárusson (ritstjórar), *Þriðja íslenska söguþingið 18.–21. maí 2006. Ráðstefnurit* (bls. 287–297). Reykjavík: Sagnfræðingafélag Íslands.
- Lærisevinnur hins lærða skóla. (1882, 7. janúar). *Norðanfari*, 21(7–8), bls. 14–15.
- Matthías Jochumsson. (1946). Skólaár mín. Í Ármann Kristinsson og Friðrik Sigurbjörnsson (ritstjórar), *Minningar úr menntaskóla*, (bls. 21–25). Reykjavík: Ármann Kristinsson.
- Námsmeyjar í Reykjavík-vennaskóla veturinn 1892–1891. (1891, 11. nóvember). *Ísafold*, 18(90), bls. 359.
- Reglur um barnapróf (7. desember 1908). (1910). Í *Lög og fyrirskipanir um fræðslu barna og unglínga*, (bls. 28–32). Reykjavík: [án útgefanda].
- Skólaröð í hinum almenna menntaskóla við miðsvetrarpróf 1906. (1906, 9. mars). *Þjóðólfur*, 58(10), bls. 38.
- [Skúli Thoroddsen]. (1904, 24. október). Nýja skólareglugjörðin. *Þjóðviljinn*, 18(42), bls. 165.
- Skýrsla um hinn lærða skóla í Reykjavík. *Skóla-árið 1885–86*. (1886). Reykjavík: [án útgefanda].
- Stýrimannaskólinn. (1896, 21. nóvember). *Ísafold*, 23(80), bls. 318.



Helgi Skúli Kjartansson. (2020).  
Dagleg einkunnagjöf í íslenskum skólum  
Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.  
Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2020/alm/13>  
DOI: <https://doi.org/10.24270/netla.2020.13>

<sup>1</sup> Sú athugun er ekki svo vísindalega gerð, eða sett fram með svo fræðimannlegum hætti, að hæfi ritrýndri birtingu. Ég var þó svo heppinn að ritstjórar sendu greinina engu að síður til tveggja ritrýna, og þakka ég þeim fjölda gagnlegra ábendinga.

<sup>2</sup> Hér og framvegis er stuðst við Skýrslu um hinn lærða skóla (1886), bls. 4 (nemendur í skólaröð „við hina fyrstu sætaskipun 2. dag desembermánaðar“), 6 (námsgreinar og vikustundir), 7 (kennarar), 8–10 (námsfni), 30 (umsjónarmenn), 32–33 (stúdentspróf, lokaeykunnir).

<sup>3</sup> Samsvarar dailly grading á ensku sem þó er notað í víðari merkingu um símat, ekki síst fyrir ástundun og hegðun.

<sup>4</sup> Ég þakka Gylfa Zoëga fyrir aðgang að þessum gögnum.

<sup>5</sup> Loftur Guttormsson, 2007, bls. 288: Einkunn skráð „hvern þann dag sem [...] barn er reynt í [...] námsgrein eða látið hafa hana um hönd.“ Barnið er þá „reynt“ (þ.e. prófað) í námsgrein þegar það er tekið upp, en „hefur hana um hönd“ þegar allur bekkurinn vinnur verkefni, eins og í skrift og reikningi.

<sup>6</sup> Þýðing greinarhöfundar. „Det aandsfortærende forhør med udveining og udmaaling af daglige karakterer, som hjemme hos os ofte indtager største delen af timen og mere end noget andet bidrager til at gjøre undervisningen tør og udstykket, det var man i preussiske skoler fri for.“

<sup>7</sup> Afneama „den daglige Karaktergivning for de mundtlige Præstationer“.

<sup>8</sup> Jón hafði verið skólalastjóri Flensborgarskólans, en kennarar þar hófu útgáfu Skólablaðsins 1907. Jón tók við ritstjórn þess sumarið 1908, um sama leyti og hann var skipaður í hið nýja embætti fræðslumálastjóra. Litlu síðar færðist útgáfan í hendur Hins íslenska kennarafélags þar sem Jón var einnig í forustu.

<sup>9</sup> Orðið „barnapróf“, sem síðar var haft um lokapróf barnastigsins, er þarna samheiti um vorpróf barnaskólanna, jafnt árspróf sem fullnaðarpróf.